

126

9. des.

## L Ö G

um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, svo og fósturbörn, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar), og að hann hafi verið orðinn eigandi hússins, áður en lög þessi öðluðust gildi.

Uppsagnir á íbúðarhúsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku þessara laga og ekki hafa komið til framkvæmdar, skulu vera ógildar, nema húseigandi sanni fyrir húsaleigunefnd, að hann sé húsnæðislaus og þurfi þess vegna á húsnæðinu að halda til íbúðar fyrir sjálfan sig.

## 2. gr.

Húseiganda er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði.

Leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, en óheimilir væru eftir ákvæði 1. mgr., eru ógildir.

Þegar alveg sérstaklega stendur á, er húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

## 3. gr.

Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 100 kr. dagsektum, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins.

## 4. gr.

Úrskurðum húsaleigunefndar um mat á húsaleigu má áfrýja til yfirhúsaleigunefndar, er í eiga sæti fimm menn, og skulu þrír þeirra skipaðir af ríkisstjórninni, en tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Ríkisstjórnin setur yfirhúsaleigunefnd starfsreglur, og greiðist kostnaður af störfum hennar úr ríkissjóði.

## 5. gr.

4. mgr. 1. gr. laga 8. september 1941 um húsaleigu er úr gildi felld.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 15. júní 1942.

*Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*